



Dómsmálaráðuneyti Ýmis verkefni

Ríkisendurskoðun

Endurskoðunarskýrsla fyrir 2019



Desember 2020

Inngangur

Ríkisendurskoðun hefur lokið endurskoðun ársreiknings fjárlagaliðar 06-190 Ýmis verkefni hjá dómsmálaráðuneyti fyrir árið 2019.

Ársreikningurinn er byggður á bókhaldi fjárlagaliðarins og öðrum upplýsingum stjórnenda hjá dómsmálaráðuneyti. Ríkisendurskoðun vekur athygli á því að stjórnendur dómsmálaráðuneytis eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu reikningsskila og jafnframt ábyrgir gagnvart notendum reikningsskilanna. Þetta felur meðal annars í sér að bókhald og fjárhagslegt eftirlit sé fullnægjandi, að réttum reikningsskilareglum sé fylgt og að viðunandi innra eftirlit hafi verið innleitt og skjalfest.

Endurskoðað var á grundvelli alþjóðlegra staðla um opinbera endurskoðun. Byggt er á skipulögðu ferli aðgerða og faglegu mati sem miðar að því að staðfesta fjárhæðir og aðrar upplýsingar í ársreikningnum. Endurskoðunin fól meðal annars í sér áhættugreiningu og áhættumat ásamt almennum greiningaraðferðum og úrtakskönnunum og athugunum á gögnum til að sannreyna fjárhæðir og aðrar upplýsingar sem fram koma í ársreikningnum.

Í samræmi við 5. grein laga nr. 46/2016 um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga tók endurskoðunin mið af eftirfarandi:

Að reikningsskil gefi glögga mynd af rekstri, fjárhagslegri stöðu og breytingu á henni á árinu í samræmi við settar reikningsskilareglur fyrir opinbera aðila.

Að kanna innra eftirlit og hvort það tryggir viðunandi árangur.

Að rekstur og umsvif séu í samræmi við heimildir fjárlaga, fjárukalaga og annarra laga, lögmæt fyriræli, samninga og starfsvenjur þar sem það á við.

Fjárlagaliðurinn hefur ekki verið sérstaklega skoðaður á undanförunum árum.

Efnisyfirlit

Inngangur	2	5.4	Tæki og búnaður.....	11
1 Ábendingar og athugasemdir	4	5.5	Niðurstöður.....	12
2 Viðbrögð við ábendingum og athugasemdum	5	6	Endurskoðun efnahagsliða	13
2.1 Viðbrögð vegna fjárlagaliðar 06-190.....	5	6.1	Eignir.....	13
3 Fjárveiting og rekstur	6	6.2	Eigið fé og skuldir.....	13
3.1 Fjárveitingar	6	6.3	Niðurstöður/ábendingar.....	14
3.2 Rekstraráætlun.....	7	7	Önnur atriði	15
3.3 Niðurstöður/ábendingar.....	7	7.1	Samþykkt ársreiknings og staðfestingarbréf	15
4 Innra eftirlit	8	7.2	Lögfræðibréf	15
4.1 Inngangur	8	7.3	Óhæðisyfirlýsing.....	15
4.2 Umfjöllun	8			
4.3 Niðurstöður/ábendingar.....	8			
5 Endurskoðun rekstrarliða.....	9			
5.1 Fastanefndir	9			
5.2 Alþjóðasamstarf	10			
5.3 Ýmis framlög dómsmálaráðuneytis.....	11			

1 Ábendingar og athugasemdir

Vakin er athygli á eftirfarandi ábendingum og athugasemdum:

1

Innra eftirlit, skjalfesting verkferla

Skjalfesta þarf helstu verkferla og innra eftirlit sem snýr að fjármálum og rekstri og skilgreina ábyrgðarsvið starfsmanna sem koma að fjármálum.

2

Tekjuskráning

Gerð er athugasemd við að tekjur örorkumatsnefndar eru færðar þegar þær fást innheimtar. Ríkisendurskoðun bendir á þann möguleika að fela Fjársýslu ríkisins reikningaútgáfu og innheimtu vegna sérfræðiþjónustu nefndarinnar.

3

Innheimta og fyrirkomulag vegna námskeiða

Lagt er til að betur verði hugað að uppgjöri Lögmannafélagsins vegna einstakra námskeiða sem félagið heldur m.a. að tekjur og gjöld við námskeiðahaldið verði betur sundurliðuð. Einnig er lagt til að gerður verði sérstakur samningur um fyrirkomulag námskeiðahaldsins og uppgjör vegna þess.

2 Viðbrögð við ábendingum og athugasemdum

2.1 Viðbrögð vegna fjárlagaliðar 06-190

Eftirfarandi viðbrögð bárust frá dómsmálaráðuneyti vegna ábendinga og athugasemda sem gerðar eru vegna endurskoðunar ársins 2019 í þessari skýrslu, sjá niðurstöður í kafla 1. Í svörum ráðuneytis kemur fram að ætlunin er að taka fullt tillit til ábendinga og athugasemda.

1. Innra eftirlit, skjalfesting verkferla

„Ráðuneytið tekur undir ábendingar um að betur megi skilgreina ábyrgðasvið starfsmanna og skerpa á helstu verkferlum. Mun verða ráðist í þá vinnu að bregðast við þessari ábendingu og gera lagfæringar.“

2. Tekjuskráning

„Tekið er undir ábendingu um að skoðað verði hvort fela eigi Fjársýslu ríkisins reikningaútgáfu og innheimtu vegna þjónustu örorkunefndar. Ráðuneytið mun taka þessa athugasemd til skoðunar í samráði við örorkunefnd.“

3. Innheimta og fyrirkomulag vegna námskeiða

„Tekið er undir ábendingu um að betur verði hugað að uppgjöri Lögmannafélagsins vegna einstakra námskeiða sem félagið heldur sem og að gerður verði sérstakur samningur um fyrirkomulag námskeiða og uppgjör vegna þess. Verður hugað að þessum lagfæringum í samráði við Lögmannafélagið og prófnefnd um lögmannaámskeið.“

3 Fjárveiting og rekstur

3.1 Fjárveitingar

3.1.1 Fjárveiting – heimild til rekstrar

Fjárveiting ársins 2019¹ til fjárlagaliðar 06-190 Ýmis verkefni nam 204,4 m.kr. að frádregnum rekstrartekjum eins og fram kemur í fylgiriti með fjárlögum 2019 en 177,9 m.kr. eru vegna rekstrarframlaga, 50,4 m.kr. vegna rekstrartilfærslna og 0,7 m.kr. vegna fjárfestingarframlaga. Rekstrartekjur voru áætlaðar 24,6 m.kr. Til viðbótar þessari fjárveitingu bætast við af ráðstöfunarlið ríkisstjórnar fjárveitingar vegna styrkgreiðslna til Slysavarnafélagsins Landsbjargar 15,0 m.kr. og til Rauða krossins 5,0 m.kr. í tengslum við alþjóðaráðstefnu Rauða krossins. Þá er millifærð fjárveiting af ráðstöfunarfé ráðherra á fjárlagaliðinn 2,8 m.kr. til að mæta kostnaði við mannréttindamál. Gengisbætur námu 0,2 m.kr. vegna alþjóðasamstarfs og 8,0 m.kr. voru veittar í fjárukalögum vegna lögmannsaðstoðar og skila á greiningargerð til Mannréttindadómstóls Evrópu vegna málflutnings fyrir dómstólnum vegna skipunar á fjórum dómurum í Landsrétt. Endanlegar fjárveitingar til rekstrar ársins 2019 námu því 234,7 m.kr. og fjárfestingarframlag nam 0,7 m.kr.

Rekstrargjöld fjárlagaliðarins að frádregnum rekstrartekjum námu 271,3 m.kr. á árinu 2019 sem er 36,6 m.kr. umfram það sem fjárveitingar ársins höfðu gert ráð fyrir eða um 15,6%. Rekstrargjöld lækka um 4,9 m.kr. milli ára.

¹ Fjárveitingar, samkvæmt orðskýringum í 5. tl. 3. gr. laga um opinber fjármál nr. 123/2015 (LOF), eru ráðstöfun fjárheimildar á tilteknu fjárlagaári til ríkisaðila,

Eftirfarandi tafla sýnir samanburð á fjárheimildum og rekstri á árinu 2019:

Tafla 1 Samanburður á fjárveitingum og rekstri 2019

Í þús. kr.	Fjárveiting 2019	Rekstur 2019	Frávik 2019	Rekstur 2018
Sértekjur	-24.600	-26.850	2.250	-18.610
Launagjöld	82.300	54.763	27.537	120.833
Önnur rekstrargjöld	103.600	98.779	4.821	71.045
Rekstrartilfærslur	73.350	144.582	-71.232	102.826
Aðrar tilfærslur	0	0	0	0
Samtals	234.650	271.274	-36.624	276.093

Fjárveiting frá fyrra ári var að hluta til felld niður eða um 8,0 m.kr. Um var að ræða útgjöld umfram fjárveitingu á viðfangi 1.40 Alþjóðasamstarf 8,1 m.kr. og fjárveitingu umfram útgjöld 0,1 m.kr. á viðfangi 1.49 Vitundarvakning um ofbeldi gegn börnum.

verkefna eða varasjóðs. En fjárheimild er heimild Alþingis, sem veitt er í fjárlögum og fjárukalögum, til ráðstöfunar á opinberu fé til málefnasviða og málaflokka.

Staða fjárfestingarframlags í árslok nam 1,4 m.kr. og hækkaði um 0,7 m.kr. eða sem nemur fjárfestingarframlagi ársins 2019. Gerð er athugasemd við að verið sé að færa fjárfestingarframlag á fjárlagaliðinn en engin eignakaup hafa verið færð né eignir skráðar á árinu 2019. Samkvæmt upplýsingum dómsmálaráðuneytis verður gerð leiðrétting vegna þessa þar sem engin þörf er á fjárfestingarframlagi á þessum lið.

3.2 Rekstraráætlun

Ríkisendurskoðun leggur áherslu á að vandað sé til við gerð rekstraráætlunar og hún sé skráð í fjárhagskerfið og reglulega fylgst með því hvort gjöld og tekjur séu í samræmi við áætlun ársins.

Rekstraráætlun fjárlagaliðar 06-190 Ýmis verkefni fyrir árið 2019 var skráð í fjárhagskerfi ríkisins (Orra) Rekstraráætlun er unnin í AKRA áætlunarkerfi og flutt þaðan yfir í Orra. Svo virðist sem gögn vegna framlags ríkissjóðs hafi ekki skilað sér að fullu úr AKRA áætlunakerfinu yfir í Orra og því sýnir rekstraráætlun í Orra rekstrarhalla að fjárhæð 48,0 m.kr.

3.3 Niðurstöður/ábendingar

Rekstrarafkoma fjárlagaliðarins var 36,6 m.kr. umfram fjárveitingu ársins eða 15,6%. Rekstraráætlunir eru skráðar í fjárhagskerfið ríkisins en skoða þarf lestur á milli tölvukerfanna AKRA og Orra og tryggja að gögn flytjist með

réttum hætti milli kerfa. Fella þarf fjárfestingarframlag niður en engin eignakaup eru færð á þennan fjárlagalið.

Á árinu 2019 fór rekstur fjárlagaliðarins 36,6 m.kr. umfram fjárveitingu ársins eða 15,6%, Uppsafnaður neikvæður höfuðstóll nam 50,7 m.kr. í árslok 2019. Á árinu 2020 var stór hluti felldur niður en um var að ræða neikvæða stöðu að fjárhæð 32,5 m.kr. vegna alþjóðasamstarfs sem felld var niður.

Rekstraráætlunir eru skráðar í fjárhagskerfi ríkisins en skoða þarf lestur á milli tölvukerfanna AKRA og Orra þannig að tryggt sé að gögn skili sér að fullu í Orra.

Gerð er athugasemd við að sérstaklega sé verið að færa fjárfestingarframlag á fjárlagaliðinn en engin eignakaup hafa verið færð né eignir skráðar á árinu 2019. Samkvæmt upplýsingum dómsmálaráðuneytis verður þetta leiðrétt þar sem ekki er þörf á fjárfestingarframlagi.

4 Innra eftirlit

4.1 Inngangur

Ráðuneytisstjóri ber ábyrgð á framkvæmd innra eftirlits. Innra eftirlit felur í sér þær reglubundnu aðgerðir og ráðstafanir sem hlutaðeigandi aðili gerir til að stuðla að hagkvæmni rekstrar, öryggi fjármuna, áreiðanleika upplýsinga og almennt að því að markmiðum starfseminnar verði náð og fylgt sé lögum og reglum.

Ríkisendurskoðun ber skv. lögum að kanna innra eftirlit og meta hvort það tryggir viðunandi árangur.

4.2 Umfjöllun

Upplýsingar um innra eftirlit ráðuneytis og verklagsreglur varðandi útgreiðslur af fjárlagaliðnum eru ekki fyrirbyggjandi en verið er að vinna að slíkum reglum í tengslum við endurnýjun gæðahandbókar ráðuneytisins. Þeim tilmælum er beint til ráðuneytisins að skjalfesta innra eftirlit ráðuneytis og verklagsreglur í gæðahandbók sem fyrst ásamt yfirliti yfir þá sem geta ráðstafað fjárveitingum af fjárlagaliðnum.

Ábyrgðarmaður samninga ráðuneytis er ráðuneytisstjóri en samþykkjandi fjárlagaliðarins er skrifstofustjóri fjármála og rekstrar sem ásamt rekstrarstjóra dómsmálaráðuneytis hefur umsjón með fjárlagaliðnum og að hann haldist innan rekstraráætlunar. Í einhverjum tilvikum samþykkja tilteknir starfsmenn ráðuneytis og formenn einstakra nefnda reikninga

vegna þeirra. Neikvæður höfuðstóll á viðfangi alþjóðasamstarfs hefur verið felldur niður í árslok undanfarin ár.

4.3 Niðurstöður/ábendingar

Nokkuð skortir á að skipulag innra eftirlits sé nægjanlega skilvirkt hjá ráðuneytinu vegna fjárlagaliðar 06-190. Ríkisendurskoðun leggur til að unnið verði að því að bæta eftirfarandi þætti i innra eftirlitsumhverfi stofnunarinnar:

Helstu verkferlar og innra eftirlit sem snýr að fjármálum og rekstri verði skjalfest og ábyrgðasvið skilgreind m.a. yfirlit yfir þá sem geta ráðstafað fjárveitingum af fjárlagaliðnum.

5 Endurskoðun rekstrarliða

Tafla 2 Samanburður á rekstri milli ára og við fjárheimild

Í þús.kr.	Rekstur 2019	Rekstur 2018	Frávik milli ára	Fjárveit. 2019
110 Fastanefndir	70.757	120.652	-49.895	82.300
Rekstrartekjur	-26.850	-18.610	-8.240	-24.600
Launagjöld	54.763	91.786	-37.023	76.800
Önnur rekstrargjöld	42.844	43.726	-882	30.100
Rekstrartilfærslur	0	3.750	-3.750	0
140 Alþjóðasamstarf	76.293	51.918	24.375	43.800
Önnur rekstrargjöld	11	142	-131	35.200
Rekstrartilfærslur	76.282	51.776	24.506	28.600
198 Ýmis framlög	124.224	103.523	20.701	108.550
Launagjöld	0	29.046	-29.046	5.500
Önnur rekstrargjöld	55.924	27.177	28.747	38.000
Rekstrartilfærslur	68.300	47.300	21.000	44.750
601 Tæki og búnaður	0	0	0	700
Fjárfestingarframlag	0	0	0	700
Samtals	271.274	276.095	-4.819	-35.924

Samkvæmt rekstrarreikningi ársins 2019 námu útgjöld að frádregnum rekstrargjöldum 271,3 m.kr. sem er um 35,9 m.kr. umfram fjárveitingar ársins ef framlag vegna fjárfestingar er meðtalið. Lækkun milli ára er hins vegar um 4,8 m.kr. Í töflu 2 er rekstrarniðurstaða ársins sýnd bæði niður á viðföng og tegundir og er fjárfestingarframlag meðtalið. Niðurstaða rekstrar að frátöldu fjárfestingarframlagi var lægri eins og fram hefur komið eða 36,6 m.kr. umfram fjárveitingar.

5.1 Fastanefndir

Rekstrarútgjöld að frádregnum sértekjum námu 70,8 m.kr. samanborið við 120,7 m.kr. á árinu á undan sem er lækkun um 49,9 m.kr. Rekstrarútgjöld voru 11,5 m.kr. innan fjárheimilda en fjárveiting vegna fastanefnda nam 82,3 m.kr. fyrir árið 2019. Lækkun kostnaðar milli ára skýrist m.a. af flutningi enduruppþökunefndar til dómstólasýslunnar á árinu 2019. Á árinu 2019 voru útgjöld við störf þriggja nefnda langhæst, eftirlitsnefnd með störfum lögreglu 19,3 m.kr., örorkumatsnefnd 19,3 m.kr. og matsnefnd eignarnámsbóta 14,6 m.kr..

Launakostnaður við störf nefnda nam 54,8 m.kr. á árinu 2019 samanborið við 91,8 m.kr. sem er lækkun um 37 m.kr. Greiddur var kostnaður við störf 14 nefnda á árinu 2019 en um er að ræða fastanefndir sem eru starfandi innan dómsmálaráðuneytis og er skipað í þær á grundvelli laga. Kostnaður vegna starfs þessara nefnda er að stórum hluta þóknarir sem greiddar eru til nefndarmanna auk þess að á vegum einnar nefndarinnar starfar lögfræðingur en um er að ræða eftirlitsnefnd með störfum lögreglu. Í

nokkrum nefndum er greitt fyrir aðkeypta þjónustu en um er að ræða kaup á sérfræðiþjónustu. Þá er greitt fyrir launakostnað vegna starfa varadómara hjá Hæstarétti. Dómsmálaráðuneyti ákvarðar greiðslu fyrir setu í nefndum og er fjárhæðin ákveðin á grundvelli mats þóknananefndar á starfinu og hversu margar einingar greiða á nefndarmönnum. Í þeim tilvikum þegar nefndarmenn fá greiðslur á grundvelli tímagjalds hefur verið horft til ákvarðana dómstólasýslunnar um tímagjald sem greitt er verjendum og réttargæslumönnum fyrir þeirra störf. Hæstiréttur ákvarðar þóknana greiðslur vegna varadómara hjá Hæstarétti.

Önnur rekstrargjöld vegna fastanefnda námu 42,8 m.kr. á árinu 2019 og lækka um 0,9 m.kr. milli ára. Á árinu 2019 voru önnur rekstrarútgjöld vegna matsnefndar eignarnámsbóta 11,3 m.kr. en um er að ræða aðkeypta sérfræðiþjónustu vegna starfa nefndarinnar. Annar rekstrarkostnaður vegna starfa örorkumatsnefndar nam 19,0 m.kr. en um er að ræða kostnað vegna lögfræði- og lækniþjónustu.

Rekstrartekjur vegna starfa nefnda námu 26,9 m.kr. á árinu 2019 en annars vegar er um að ræða tekjur vegna annarrar sérfræðiþjónustu 17,2 m.kr. og hins vegar tekjur vegna námskeiðsgjalda 9,7 m.kr.

Tekjur vegna annarrar sérfræðiþjónustu eru vegna örorkunefndar en um er að ræða greiðslur fyrir álit örorkunefndar í samræmi við gjaldskrá. Gjaldskrá var síðast uppfærð á árinu 2016. Gögn að baki þessum sértekjum eru kvittanir fyrir greiðslum sem formaður örorkunefndar sér um að leggja inn hjá ríkissjóði. Gerð er athugasemd við að tekjur eru færðar þegar þær fást innheimtar. Ríkisendurskoðun bendir á þann möguleika að innheimta færi fram með þeim hætti að Fjársýsla ríkisins sæi um að gefa út reikninga vegna sérfræðiþjónustu nefndarinnar. Þannig myndu tekjur bókast strax án tillits til hvenær þær fást innheimtar.

Tekjur vegna námskeiðsgjalda eru vegna námskeiða sem Lögmannafélagið sér um að halda fyrir ráðuneytið en meðal fastanefnda ráðuneytisins er prófnefnd vegna héraðsdómslögmannna. Um er að ræða innheimt námskeiðsgjöld vegna námskeiða til öflunar réttinda til að verða héraðsdómslögmaður en námskeiðsgjöld eru lögð inn á bankareikning aðalskrifstofu dómsmálaráðuneytis. Til gjalda er svo færður kostnaður vegna aðstöðugjalds og útlagðs kostnaðar vegna námskeiðanna. Lagt er til að Lögmannafélagið skili ráðuneytinu sérstöku uppgjöri vegna einstakra námskeiða þar sem tekjur og gjöld við námskeiðahald væru betur sundurliðuð. Æskilegt væri að ráðuneytið gerði samning við Lögmannafélagið vegna námskeiðahaldsins þar sem fram kæmi hvernig fyrirkomulagi og uppgjöri tekna og gjalda vegna námskeiðshaldsins væri háttað.

5.2 Alþjóðasamstarf

Kostnaður við alþjóðasamstarf nam 76,3 m.kr. á árinu 2019 samanborið við 51,9 m.kr. á árinu undan sem er hækkun um 24,4 m.kr. Rekstrarútgjöld voru 32,5 m.kr. umfram fjárveitingar ársins 2019. Útgjöld umfram fjárveitingar hafa verið felld niður á þessu viðfangsefni fjárlagaliðarins um áramót undanfarin ár.

Aðildargjöld að Frontex námu 68,4 m.kr. og vegna Interpol 4,9 m.kr. á árinu 2019 og eru tilkomin vegna aðildar Íslands að Schengen samstarfinu. Aðildargjöldin hafa farið vaxandi á undanförunum árum samkvæmt upplýsingum dómsmálaráðuneytis og hafa útgjöld umfram fjárveitingu á þessu viðfangsefni verið felld niður um áramót eins og fram hefur komið, sjá 3.1.

5.3 Ýmis framlög dómsmálaráðuneytis

Ýmis framlög dómsmálaráðuneytis námu 124,2 m.kr. á árinu 2019 sem er 20,7 m.kr. hækkun milli ára. Rekstrarútgjöld vegna ýmissa framlaga dómsmálaráðuneytis voru 15,6 m.kr. umfram fjárveitingar sem gerðu ráð fyrir útgjöldum að fjárhæð 108,6 m.kr. en þar vegur þungt kostnaður vegna aðkeyptrar sérfræðipjónustu, lögfræðikostnaður vegna máls við Mannréttindadómstólinn og ýmsar rekstrartilfærslur til félaga og samtaka. Á móti þessum hækkunum lækka launagjöld á árinu 2019 en á árinu 2018 voru greidd laun til starfshóps vegna Guðmundar- og Geirfinnsmálanna.

Önnur rekstrargjöld námu 55,9 m.kr. á árinu 2019 og hækka um 28,7 m.kr. milli ára. Um er að ræða ýmsa aðkeypta sérfræðipjónustu ráðuneytis. Að stórum hluta er um að ræða kostnað vegna starfsmanns Seðlabanka Íslands sem var lánaður til ráðuneytisins vegna vinnu við FATF peningaþvættistilskipun og úttekt. Starfsmaðurinn var á launaskrá hjá Seðlabanka Íslands en reikningar greiddir á grundvelli samnings við bankann samtals að fjárhæð 22,3 m.kr. Greiðslur vegna lögfræðipjónustu námu 15,9 m.kr. en að stórum hluta er um kostnað vegna málflutnings í máli ríkisins fyrir Mannréttindadómstól Evrópu vegna skipunar dómara í Landsrétti. Greiðslur til Innheimtustofnunar sveitarfélaga námu 9,3 m.kr. á árinu 2019 en þær byggja á samningi frá árinu 1962 milli Norðurlandanna um innheimtu meðlaga og samkomulagi við Innheimtustofnun sveitarfélaga frá árinu 1984 um að annast innheimtuna. Samkvæmt reikningum eru greiddar 10% af heildarinnheimtu ársins 2019. Á árinu 2019 voru greiddar 419 þús.kr. vegna jafnlaunavottunar en eðlilegt hefði verið að sá kostnaður hefði bókast á aðalskrifstofu ráðuneytisins.

Rekstrartilfærslur á þessu viðfangi námu 68,3 m.kr. á árinu 2019 og hækka um 21 m.kr. milli ára sem skýrist af styrkveitingum sem greiddar voru á árinu 2019. Um er að ræða styrki sem veittir voru í gegnum ráðstöfunarfé

rákisstjórnarinnar auk greiðslna á grundvelli samninga. Styrkir sem veittir voru í gegnum ráðstöfunarfé ríkisstjórnarinnar voru til Slysavarnarfélagssins Landsbjargar 15,0 m.kr. og til Rauða kross Íslands 5,0 m.kr. Þjónustusamningur við Íslenska ættleiðingu var framlengdur út árið 2019 og voru greiðslur á grundvelli samningsins 34,0 m.kr. Í samningi við Íslenska ættleiðingu eru ýmis ákvæði sem snúa að eftirliti ráðuneytis með samningnum en auk þess kveður samningurinn á um að ársreikningur félagsins sé áritaður af endurskoðanda. Ársreikningur fyrir árið 2019 hefur verið samþykktur og áritaður af endurskoðanda félagsins. Styrktarsamningur við Mannréttindaskrifstofu Íslands var framlengdur út árið 2019 og voru greiðslur í samræmi við samninginn 13,0 m.kr. Auk þess var 1,0 m.kr. greidd til viðbótar til Mannréttindaskrifstofunnar vegna aðstoðar við frumvarpsgerð í ráðuneytinu.

5.4 Tæki og búnaður

Fjárveitingar ársins gerðu ráð fyrir 0,7 m.kr. fjárfestingarframlagi sem bókað var á sérstakt viðfangsefni. Engin útgjöld eru bókuð vegna tækja og búnaðar á árinu 2019 og þá eru engar eignir eða tæki bókaðar í efnahagsreikningi í lok árs 2019 og því ekki ástæða til að gera ráð fyrir sérstöku fjárfestingarframlagi. Samkvæmt upplýsingum ráðuneytisins verður þetta leiðrétt við gerð næstu fjárlaga, sjá 3.1.

5.5 Niðurstöður

Eftirfarandi ábendingar eru gerðar vegna tekjuskráningar og innheimtu á fjárlagaliðnum:

Gerð er athugasemd við að tekjur örorkumatsnefndar eru færðar þegar þær fást innheimtar. Ríkisendurskoðun bendir á þann möguleika að fela Fjársýslu ríkisins reikningaútgáfu og innheimtu vegna sérfræðiþjónustu nefndarinnar. Þannig myndu tekjur bókast strax án tillits til hvenær þær fást innheimtar.

Lagt er til að Lögmannafélagið skili ráðuneytinu sérstöku uppgjöri vegna einstakra námskeiða þar sem tekjur og gjöld við námskeiðahald væru betur sundurliðuð. Einnig væri æskilegt að gerður yrði samningur við Lögmannafélagið vegna námskeiðahaldsins þar sem fram kæmi hvernig fyrirkomulagi og uppgjöri tekna og gjalda vegna námskeiðshaldsins væri háttað.

6 Endurskoðun efnahagsliða

, 2

Tafla 3 Efnahagsreikningur 31. desember 2019

Í þús.kr.	31.12 2019	31.12 2018	Breyting
Eignir:			
Viðskiptakröfur	110	2.945	-2.835
Ríkissjóður	0	2.547	-2.547
Eignir alls	110	5.492	-5.382
Eigið fé og skuldir:			
Höfuðstóll	-50.735	-22.109	-28.626
Viðskiptaskuldir	34.268	25.732	8.356
Ríkissjóður	13.302	0	13.302
Orlofsskuldbinding	1.777	1.169	608
Ógreidd laun, launaleiðrétting	98	0	98
Fjárfestingarframlag	1.400	700	700
Eigið fé og skuldir alls	110	5.492	-5.382

Í lok árs 2019 námu eignir 0,1 m.kr., skuldir námu 49,4 m.kr., frestun tekjufærslu nam 1,4 m.kr. og höfuðstóll var neikvæður um 50,7 m.kr.

6.1 Eignir

6.1.1 Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur námu 110 þús. kr. í árslok 2019. Um er að ræða eldri kröfu sem samkvæmt upplýsingum dómsmálaráðuneytis þarf að óska eftir niðurfellingu á.

6.2 Eigið fé og skuldir

6.2.1 Höfuðstóll

Í lok árs 2019 var höfuðstóll fjárlagaliðarins neikvæður um 50,7 m.kr. og lækkar um 28,6 m.kr. frá fyrra ári eða sem nemur tekjuhalla ársins 2019 36,6 m.kr. að frádreginni niðurfellingu á hluta af halla fyrra árs 8,0 m.kr. Um er að ræða niðurfellingu á stöðu höfuðstóls á *viðföngum 1.40 Alþjóðasamstarf* og *1.49 Jákvæð staða vegna vitundarvakningar um ofbeldi gegn börnum*.

6.2.2 Viðskiptaskuldir

Að stærstum hluta er um að ræða viðskiptaskuldir í lok árs 2019 og eru þær greiddar í upphafi árs 2020. Ógreiddar viðskiptaskuldir í viðskiptamannabókhalda námu 28,2 m.kr. í lok árs og voru greiddar í upphafi árs 2020. Staða í AP var í samræmi við stöðu í fjárhagsbókhalda. Ógreiddar viðskiptaskuldir vegna erlendra skulda námu 5,7 m.kr. og voru greiddar í upphafi árs 2020. Meðal annarra viðskiptaskulda er óhreyfð staða frá árinu 2015 vegna óuppgerðs ferðakostnaðar að fjárhæð 258 þús. kr. Gera þarf upp stöðuna í bókhalda.

6.2.3 Ríkissjóður

Skuld við ríkissjóð var neikvæð um 13,3 m.kr. í árslok 2019 en í lok árs 2018 var staðan jákvæð um 2,5 m.kr.

6.2.4 Orlofsskuldbinding

Áfallin orlofsskuldbinding í lok árs 2019 nam 1,8 m.kr. og hækkaði um 0,6 m.kr. frá fyrra ári. Um er að ræða orlofsskuldbindingu vegna starfsmanna eftirlitsnefndar um eftirlit með störfum lögreglu.

6.2.5 Ógreidd laun, launaleiðrétting

Í lok árs 2019 var færð 98 þús. kr. launaleiðrétting en um er að ræða kerfislæga færslu vegna launahækkana sem gert var ráð fyrir á árinu 2019 að samið yrði um í kjarasamningum á árinu 2020.

6.2.6 Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda

Frestun fjárfestingarframlags nam 1,4 m.kr. í árslok 2019 og jókst um 0,7 m. kr. á árinu 2019 eða sem svarar fjárfestingarheimild ársins. Eins og fram hefur komið er ekki þörf á sérstöku fjárfestingarframlagi á þessum fjárlagalið og verður leiðrétt samkvæmt upplýsingum ráðuneytisins.

6.3 Niðurstöður/ábendingar

Taka þarf eftirfarandi atriði til skoðunar:

Gera þarf viðeigandi ráðstafanir og færa út eldri viðskiptakröfu að fjárhæð 110 þús. kr. og eldri viðskiptaskuld að fjárhæð 258 þús. kr. í viðskiptamannabókhalda fjárlagaliðarins.

7 Önnur atriði

7.1 Samþykkt ársreiknings og staðfestingarbréf

Ársreikningur fjárlagaliðar 06-190 Ýmis verkefni fyrir árið 2019 var samþykktur af skrifstofustjóra fjármála og rekstrar 7. apríl 2020 fyrir hönd dómsmálaráðuneytis. Staðfestingarbréf stjórnenda sem sent var til ráðuneytis af Fjársýslu ríkisins, var undirritað af skrifstofustjóra fjármála og rekstrar 7. apríl 2020

7.2 Lögfræðibréf

Ekki var óskað sérstaklega eftir lögfræðibréfi en samkvæmt upplýsingum meðal annars í staðfestingarbréfi stjórnenda, voru engin málaferli í gangi í tengslum við fjárlagalið 06-190 Ýmis verkefni.

7.3 Óhæðisyfirlýsing

Fyrir liggja undirritaðar óhæðisyfirlýsingar þeirra starfsmanna Ríkisendurskoðunar sem sáu um endurskoðun vegna fjárlagaliðar 06-190 Ýmis verkefni.



Ríkisendurskoðun
Bríetartúni 7 – 105 Reykjavík
Sími 448-8800

postur@rikisendurskodun.is – www.rikisendurskodun.is